

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Strefen Orange 8,75 mg Sukkerfri, munnsogstöflur

flurbiprofen

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og læknirinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- **Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan 3 daga.**

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Strefen Orange Sukkerfri og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Strefen Orange Sukkerfri
3. Hvernig nota á Strefen Orange Sukkerfri
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Strefen Orange Sukkerfri
6. Pakningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Strefen Orange Sukkerfri og við hverju það er notað

Strefen Orange Sukkerfri inniheldur flurbiprofen. Flurbiprofen tilheyrir flokki lyfja sem kallast bólgueyðandi gigtarlyf (NSAID). Þessi lyf verka með því að breyta því hvernig líkaminn bregst við sársauka, bólgu og háum hita. Strefen Orange Sukkerfri er notað til að draga tímabundið úr einkennum óþæginda í hálsi eins og verk í hálsi, eymslum og bólgu í hálsi og erfiðleikum við að kyngja hjá fullorðnum og börnum eldri en 12 ára.

Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan 3 daga.

2. Áður en byrjað er að nota Strefen Orange Sukkerfri

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Strefen Orange Sukkerfri:

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir flurbiprofeni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- ef þú hefur einhvern tímann fengið astma, óvænt önghljóð eða mæði, nefrennsli, prota í andliti eða útbrot með kláða (ofskláði) eftir að hafa tekið asetýlsalisýlsýru eða önnur bólgueyðandi gigtarlyf.
- ef þú ert með eða hefur fengið magasár eða blæðingar frá maga eða þörmum (tvisvar sinnum eða oftar).
- ef þú hefur áður fengið blæðingu eða rof í meltingarvegi, alvarlega ristilbólgu (bólgu í þörmum) eða blæðingarsjúkdóma við notkun bólgueyðandi gigtarlyfja.
- ef þú ert að taka stóra skammta af asetýlsalisýlsýru eða öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (eins og celecoxib, ibuprofen, diclofenacnatríum o.s.frv.).

- ef þú ert á síðustu þremur mánuðum meðgöngu.
- ef þú ert með alvarlega hjarta-, nýrna- eða lifrarbilun.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá lækninum eða lyfjafræðingi áður en Strefen Orange Sukkerfri er notað:

- ef þú hefur einhvern tímann verið með astma eða ert með ofnæmi
- ef þú ert með eitlabólgu (bólganir eitlar) eða heldur að þú getir verið með bakteríusýkingu í hálsi (vegna þess að þú gætir burft sýklalyf)
- ef þú ert með sýkingu – sjá fyrirsögnina „Sýkingar“ hér að neðan.
- ef þú ert með hjarta-, nýrna- eða lifrarvandamál
- ef þú hefur fengið heilablóðfall
- ef þú ert með sögu um sjúkdóm í þörmum (ristilbólgu, Crohns sjúkdóm)
- ef þú ert með langvinnan sjálfsnæmissjúkdóm eins og rauða úlfa (systemic lupus erythematosus) og blandaðan bandvefssjúkdóm (mixed connective tissue disease)
- ef þú ert aldraður/öldruð, vegna þess að meiri líkur eru á að þú fáir þær aukaverkanir sem taldar eru upp í þessum fylgiseðli
- ef þú ert á fyrstu 6 mánuðum meðgöngu eða með barn á brjósti
- ef þú ert með óþol fyrir sykrum.

Sýkingar

Bólgueyðandi lyf sem ekki eru sterar geta falið einkenni sýkingar, svo sem hita og verki. Slíkt getur leitt til tafa á viðeigandi meðverð við sýkingu, sem getur leitt til aukinnar hættu á fylgikvillum. Ef þú tekur þetta lyf þegar þú ert með sýkingu og einkenni sýkingarinnar eru viðvarandi eða fara versnandi skaltu tafarlaust leita ráða hjá lækni eða lyfjafræðingi.

Á meðan Strefen Orange Sukkerfri er notað

- Við fyrstu merki um húðviðbrögð (útbrot, flögnum, blöðrur) eða önnur einkenni ofnæmisviðbragða skal hætta notkun munnsogstaflnanna og hafa samstundis samband við lækni.
- Láttu lækninn vita um öll óvenjuleg einkenni í kvið (sérstaklega blæðingar).
- Ef einkenni lagast ekki, versna eða ef ný einkenni koma fram skaltu hafa samband við lækni.
- Lyf eins og Strefen Orange Sukkerfri geta tengst lítillega aukinni hættu á hjartaáfalli (hjartadrep) eða heilablóðfalli. Hættan eykst með stærri skömmum og langtímmameðferð. Notaðu lyfið ekki í stærri skömmum eða í lengri tíma (3 sólarhringa) en ráðlagt er.

Börn

Ekki skal nota lyfið handa börnum yngri en 12 ára.

Notkun annarra lyfja samhliða Strefen Orange Sukkerfri

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð. Þetta á sérstaklega við ef þú notar:

- lágskammta asetylalsalisýlsýru (allt að 75 mg á sólarhring)
- lyf við háum blóðþrýstingi eða hjartabilun (blóðþrýstingslækkandi lyf, hjartaglykósíðar)
- vatnslosandi töflur (þvagræsilyf, þar með talið kalíumsparandi lyf)
- lyf til að þynna blóðið (blóðþynningarlyf, blóðflöguhemjandi lyf)
- lyf við þvagsýrugigt (probenecid, sulfapyrazon)
- önnur bólgueyðandi gigtarlyf, þar með talið sérhæfða COX-2 hemla eða barkstera (t.d. celecoxib, ibuprofen, diclofenacnatrium eða prednisolon)
- mifepriston (lyf notað til að framkalla fósturlát)
- sýklalyf af flokki kínólóna (eins og ciprofloxacin)
- ciklosporin eða takrolimus (til að bæla ónæmiskerfið)
- fenytoin (lyf við flogaveiki)

- metotrexat (lyf við sjálfsnæmissjúkdómum eða krabbameini)
- litíum eða SSRI (lyf við þunglyndi)
- sykursýkilyf til inntöku (við sykursýki)
- zidovudin (lyf við HIV)

Notkun Strefen Orange Sukkerfri með mat, drykk eða áfengi

Forðast skal neyslu áfengis meðan á meðferð með Strefen Orange Sukkerfri stendur vegna þess að það eykur hættuna á blæðingu í maga eða þormum.

Meðganga, brjósttagjöf og frjósemi

Við meðgöngu, brjósttagjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá lækninum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Ekki taka þetta lyf ef þú ert á **síðasta priðjungi meðgöngu**. Ef þú ert á fyrstu 6 mánuðum meðgöngu eða með barn á brjósti skaltu tala við lækninn áður en þú tekur þessar munnsogstöflur.

Flurbiprofen tilheyrir flokki lyfja sem geta haft skaðleg áhrif á frjósemi kvenna. Áhrifin ganga til baka þegar notkun lyfsins er hætt. Ólíklegt er að munnsogstöflur, sem notaðar eru stöku sinnum, hafi áhrif á líkurnar á að þú verðir þunguð. En áður en þú notar lyfið skaltu greina lækninum frá því ef þú hefur átt í erfiðleikum með að verða þunguð.

Akstur og notkun véla

Ekki hafa verið gerðar neinar rannsóknir á hæfni til aksturs eða stjórnun véla. Sundl og sjóntruflanir eru hins vegar mögulegar aukaverkanir eftir inntöku bólgeyðandi gigtarlyfja. Ef þú finnur fyrir þessum áhrifum skaltu ekki aka eða stjórna vélum.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt eru lyf, vegna verkunar þeirra eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Mikilvægar upplýsingar um nokkur innihaldsefni Strefen Orange Sukkerfri munnsogstaflna

Strefen Orange Sukkerfri inniheldur 2.033,29 mg ísómalt (E953) í hverri munnsogstöflu og 509,31 mg fljótandi maltitól (E965) í hverri munnsogstöflu.

Getur haft væg hægðalosandi áhrif.

Hitaeiningar: 2,3 kkal/g af maltitóli eða ísómalti.

Ef óþol fyrir sykrum hefur verið staðfest skal hafa samband við lækni áður en lyfið er tekið inn.

Lyfið inniheldur ilmefni með sítrali, sítrónellóli, d-límóneni, geraníóli og línalóli. Sítral, sítrónellól, d límónen, geraníól og línalól geta valdið ofnæmisviðbrögðum.

3. Hvernig nota á Strefen Orange Sukkerfri

Notið lyfið alltaf eins og lýst er í fylgiseðlinum eða eins og læknirinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá lækninum eða lyfjafræðingi.

Ráðlagður skammtur fyrir fullorðna og börn 12 ára og eldri:

- Settu eina munnsogstöflu upp í muninn og sjúgðu hana hægt.
- Ávallt skal velta munnsogstöflunni um í munninum á meðan hún er sogin.
- Munnsogstaflan á að byrja að virka innan 30 mínutna.
- Notaðu síðan eina munnsogstöflu á 3-6 klukkustunda fresti, eftir þörfum.

- Notið ekki fleiri en 5 munnsogstöflur á sólarhring.

Ekki skal nota lyfið hjá börnum yngri en 12 ára.

Munnsogstöflurnar eru einungis ætlaðar til notkunar í stuttan tíma. Nota skal minnsta áhrifaríka skammt í eins stuttan tíma og hægt er til að draga úr einkennum. Ef þú ert með sýkingu skaltu tafarlaust leita ráða hjá lækni eða lyfjafræðingi ef einkennin (svo sem hiti og verkir) eru viðvarandi eða fara versnandi (sjá kafla 2). Ef erting í munni kemur fram skal hætta flurbiprofén meðferð.

Ekki nota Strefen Orange Sukkerfri lengur en í 3 sólarhringa nema í samráði við lækni. Ef þér líður ekki betur, þér hefur versnað, eða ný einkenni koma fram skaltu hafa samband við lækninn eða lyfjafræðing.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222). Hafið umbúðir lyfsins meðferðis.

Einkenni ofskömmtunar eru meðal annars: ógleði eða uppköst, kviðverkur eða niðurgangur, sem er sjaldgæfara. Suð fyrir eyrum, höfuðverkur og blæðing í meltingarvegi er einnig hugsanleg.

Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

Ef gleymist að taka Strefen Orange Sukkerfri

Ekki á að tvöfalta skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

HÆTTU NOTKUN lyfsins og hafðu tafarlaust samband við lækni ef þú færð:

- einkenni ofnæmisiðbragða eins og astma, óvænt önghljóð eða mæði, kláða, nefrennsli, húðútbrot o.s.frv.
- þrota í andliti, tungu eða hálsi, sem veldur öndunarerfiðleikum, hjartsláttarónot og blóðþrýstingsfall sem leiðir til losts (þetta getur komið fram jafnvel þegar lyfið er notað í fyrsta skipti).
- alvarleg húðviðbrögð eins og flagnandi húð eða blöðrumyndun á húð.

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita ef vart verður við eftirfarandi aukaverkanir eða aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli:

Algengar (geta komið fyrir hjá 1 til 10 af hverjum 100 sjúklingum):

- sundl, höfuðverkur
- erting í hálsi
- sár eða verkur í munni
- verkur í hálsi
- óþægindi eða óvenjuleg tilfinning í munni (eins og hiti, bruni, doði, stingir o.s.frv.)
- ógleði og niðurgangur
- stingandi tilfinning og kláði í húðinni

Sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá 1 til 10 af hverjum 1.000 sjúklingum)

- syfja
- blöðrur í munni eða hálsi, doði í hálsi

- uppþemba, verkur í kvið, vindgangur, hægðatregða, meltingartruflanir, uppköst munnpurrkur
- brunatilfinning í munni, breytt bragðskyn
- húðútbrot, kláði í húð
- hiti, verkir
- tilfinning um syfju eða erfiðleikar við að sofna
- versnun astma, önghljóð, mæði
- minni tilfinning í hálsi

Mjög sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá 1 til 10 af hverjum 10.000 sjúklingum)

- bráðaofnæmisviðbrögð: skyndileg útbrot, öndunarerfiðleikar og sundl (innan mínútna til klst.) vegna ofnæmis. Getur verið lífshættulegt. Hringið í 112.

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum)

- breytingar á blóði (sem geta valdið mari, hita, sárum í munni, fölri húð og máttleysi)
- þrotri (bjúgur), hækkaður blöðþrýstingur, hjartabilun eða hjartaáfall
- alvarleg húðviðbrögð, þ.m.t. Stevens-Johnson heilkenni (útbrot með blöðrum og bólga í húð, einkum á höndum og fótum sem og í kringum munn ásamt hita) og Lyells heilkenni (roði og eymsli með flögnun í húð) og eitrunardreplos húðþekju (mikil húðflögnun og los húðar). Hafið samband við lækni eða bráðamóttöku.
- lifrabólga (bólga í lifur). Hafið samband við lækni eða bráðamóttöku.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Strefen Orange Sukkerfri

- Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
- Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.
- Geymið í upprunalegum umbúðum.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Strefen Orange Sukkerfri 8,75 mg inniheldur:

- Virka innihaldsefnið er flurbiprofen 8,75 mg.
- Önnur innihaldsefni eru macrogól 300, kalíumhýdroxíð (E525), appelsínubragðefni, levomentól, asesúlfamkalíum (E950), fljótandi maltitól (E965) og ísómalt (E953).

Lýsing á últiti Strefen Orange Sukkerfri og pakkningastærðir

Munnsogstöflurnar eru kringlóttar með ígreptyu vörumerki og hvítar til ljósgular að lit. Pakkningarnar innihalda 8, 12, 16, 24 eða 36 munnsogstöflur.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi

Reckitt Benckiser Healthcare (Scandinavia) A/S
Vandtårnsvej 83A
2860 Søborg
Danmörk

Framleiðandi

RB NL Brands B.V.
WTC Schiphol Airport
Schiphol Boulevard 207
1118 BH Schiphol
Holland

Umboð á Íslandi

Artasan ehf.
Sími 414 9200

Pessi fylgiseðill var síðast samþykktur í apríl 2024.